



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Jörfa, Borgarfirði eystra, Múlaþingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2022

Forsíðumynd: Horft til austurs þann 25.03.2022 í Bakkagerðisþorpi. Svartafell í baksýn.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Múlaþing
Apríl 2022

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	4
DEILISKIPULAGSSVÆÐIÐ.....	4
FORNLEIFASKRÁNINGIN.....	5
BAKKI/BAKKAGERÐI.....	6
NIDURSTAÐA	9
HEIMILDIR	11

Abstract

Archaeological registration was done by Sagnabrunnur in March, 2022 in Borgarfjörður eystri, Múlaþing, East-Iceland. The archaeological registration is nr. 2754. Information of five houses were found in the registration area and three of them are considered archaeological remains. The conclusion of the registrations is that this registrations is sufficient to preserve information about the archaeological remains, but the Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. vann að fornleifaskráningu fyrir sveitarfélagið Múlaþing vegna gerðar deiliskipulags að Jörva, Borgarfirði eystra í Múlaþingi. Fulltrúi verkkaupa var Hugrún Hjálmarsdóttir. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.

Deiliskipulagssvæðið

Skipulagssvæðið afmarkast af Desjarmýrarvegi til norðurs og nær utan um byggðina við Jörfa og Dagsbrún og að túnskurði utan við efri innsiglingavörðu. Svæðið er nú þegar byggt að hluta. Aðkoma að svæðinu er frá Desjarmýravegi (Borgarfjarðarvegi). Aflíðandi halli er á svæðinu, frá suðvesturs til norðausturs. Sá hluti svæðisins sem er óbyggt er gróið landbúnaðarland sem hefur verið ræst fram.

Innan svæðisins eru hús með eftirfarandi húsanöfnum: Jörvi 1 og 2, Laufás, Hamraborg, Hafblik, Sjávarborg, Smáagrund, Dúntún, Vörðubrún, Sólgarður, Sólvangur, Ásbrún 1 og 2,



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið að Borgarfirði eystra.

Víkurnes 1 og 2, Dagsbrún 1 og 2 og Breiðvangur 1 og 2. Á skra.is sést að gert er ráð fyrir fimm lóðum á svæðinu, þ.e. Lækjarbrún, Lækjargrund og Smáratúni.¹

Fornleifaskráningin

Fornleifaskráningin sem hér er unnin hlaut minjanúmerið 2754 hjá Minjastofnun Íslands. Fáar fornleifaskráningar hafa verið gerðar á svæðinu. Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir hjá Fornleifastofnun Íslands ses. birtu árið 1999 skýrsluna *Menningarminjar i Borgarfirði eystri. Svæðisskráning*, nr. FS074-98083. Sú skýrsla er eingöngu heimildaskráning og ekki var farið á vettvang. Þar er ekki að finna heimildir um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu.² Einnig nær fornleifaskráning Kristborgar Þórisdóttur vegna lagningar ljósleiðara yfir hluta af svæðinu. Engar fornleifar fundust þá á deiliskipulagssvæðinu sem hér er til skráningar.³ Sverrir og Björn Aðalsteinssynir og aðrir heimamenn fá þakkir fyrir veitta aðstoð við heimilda- og myndaleit.

¹ Skra.is

² Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1999. Menningarminjar í Borgarfjarðarhreppi, bls. 24.

³ Kristborg Þórisdóttir, 2018. „Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri: Deiliskráning á Hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara.“ Fornleifastofnun Íslands. FS709-18211.

Bakki/Bakkagerði

Bakkagerðisþorp er í löndum Bakka og Bakkagerði. Bakkagerði var hjáleiga frá Bakka. Á túnakortum Bakka og Bakkagerði má sjá að nokkur fjöldi húsa stóð í kaupstaðnum árið 1917, s.s. Jörvi og Bergsstaður, eins og fjallað verður um hér á eftir.⁴ Bakka er getið í Austfirðingasögum, þar var Sveinungi sagður hafa átt heima. Bakkabærinn stóð um 1 km frá sjó og skammt neðan fjalls á fornu bæjarstæði og hafa ýmsir munir komið í ljós í brotasárinu og farvegi árinnar í gegnum tíðina. Á Brandsbölum við Bakkamel er sagður liggja steinn í gullþúfu og sagt að bærinn myndi brenna ef við honum yrði rótað.⁵

Bakkagerðiskaupstaður fékk kaupstaðaréttindi árið 1895, en föst verslun hófst þar ári áður, árið 1894. Þorsteinn Jónsson sem kallaður var „borgari“ hóf samkvæmt heimildum verslunarrekstur og útgerð á staðnum sem hann rak til 1907. Bjarni Þorsteinsson frá Höfn og félagar reistu síðan myndarlegt verslunarhús á Bakkeyri um 1900 og ráku það til 1907. Selstöðuverslun var á svæðinu árin 1907-1925 (Hinar sameinuðu verslanir, o.fl.). Árið 1918 var Kaupfélag Borgfirðinga stofnað og síðan „Sameinuðu verslanirnar“ og eftir það Pöntunarfélag Borgfirðinga 1926-1937.⁶ Í *Fjótsdælu, Droplaugarsona sögu og Gunnars sögu Piðrandabana* getur um búsetu landnámsmanna í Borgarfirði eystra og í *Sveitum og jörðum* getur um fornar minjar í hreppnum, s.s. verbúðatættur í Skálanesi og fornan garð frá sjávarbakka ofan við Borg og inn fyrir gömlu túnin, um 2 km langan. Hann kallast Þorragarður. Friðlýstar minjar eru Þiðrandapúfur þar sem Þiðrandi Geitisson frá Krossvík var vegginn. Garðlag liggur í hring um þúfurnar og bletturinn er friðlýstur. Einnig er friðlýstar „Austmannatóttir hjá bænum“.⁷ Í *Safni til sögu Íslands* er sagt frá fornbýlinu Virkishúsi sem er „gilda bæjarleið inn frá aðalbænum“ í Njarðvík. Þar eru tættur og garðalög, staðurinn heitir Ytrasel og blasir við af þjóðvegi skammt utan við brú á Njarðvíkurá, á lækjarbakkahorni undir Selkinn. Skilarétt stendur í lyngmóadæld við gamla vegginn niður af Göngudal. Njarðvík er sögð vera landnámsjörð Þorkels fullspaks eldri.⁸ *Allar þessar minjar eru utan deiliskipulagssvæðisins.*

Á deiliskipulagssvæði er Jörvi I, járnklætt timburhús, hluti veggja steyptir, byggt árið 1897 og telst það því elsta íbúðarhúsið í Bakkagerði.⁹

⁴ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlapingu, II. bindi*, bls. 386-394, Túnakort Bakka og Bakkagerðis, 1920; Örnefnaskrá Bakka og Bakkagerði.

⁵ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlapingu, II. bindi*, bls. 384-385.

⁶ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlapingu, II. bindi*, bls. 362.

⁷ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlapingu, II. bindi*, bls. 369.

⁸ Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlapingu, II. bindi*, bls. 369; Sigurður Gunnarsson. (1886). „Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará.“ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennata að fornu og nýju II. Kaupmannahöfn*, bls. 488; Íslendinga sögur á snerpa.is.

⁹ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 304-305, 311-312.




Mynd 2. Á þessari mynd sjást átta hús sem eru horfin, meðal annars Bergsstaður (Eiríkshús), merkt nr. 3 á mynd. Myndin er tekin 1964, eigandi Sverrir Aðalsteinsson.

Farið var á vettvang í sól og blíðu þann 25. mars 2022.

Heimildir fundust um eftirfarandi hús á
deiliskipulagssvæðinu:

2754-1. Úthús og hlaða Bjarna Steins. Þar stóðu hlaða og fjárhús úr torfi, reist fyrir 1940. Sjá má úthúsin á loftmynd frá 1955 og mynd frá 1963 (sjá mynd 3). Samkvæmt upplýsingum frá heimildamönnum var töluverður rampur til vesturs að hlöðuopinu. Nú standa eftir steyptar rústir. Til norðausturs má greina steinhleðslur, nú sinu vaxnar eins og sjá má á mynd 4. Á mynd 5 má sjá hvernig rústir 2754-1 voru mældar upp á vettvangi, loftmynd frá 1955 var sett undir. Stærð 16,5x5 m, liggar NA-SV, inngangur til NA.



Mynd 3. Úthús og hlaða Bjarna Steins nr. 2754-1. Horft til NV. Eigandi myndar Sverrir Aðalsteinsson.

2754-2. Útihús Bjarna Steins. Sjá má útihúsin á loftmynd frá 1955 og mynd frá 1965. Reist fyrir 1940. Sjá myndir 8 og 9.



Mynd 4. Rústir útihúss og hlöðu Bjarna Steins nr. 2754-1 í dag. Horft til SV.



Mynd 5. Rústir tóftar 2754-1 eins og þær voru mældar upp á vettvangi. Undir uppmælingu er loftmynd frá 1955.



Mynd 6. Horft til NV þar sem 2754-3, Þóreyjarkofi stóð.



Mynd 7. Horft til NA, til vinstri á mynd má sjá Jörva. Við hlið Jörva, til A, stóð Bergsstaður (Eiríkshús) nr. 2754-4.

2754-3. Þóreyjarkofi-Þúfa. Torfbær, byggður

1902. Ofan við Jörva. Kofinn brenndur að boði læknis árið 1910 eftir að Sigurður Jónsson dó þar úr óðataæringu.¹⁰ Sjá má staðsetningu Þóreyjarkofa á mynd 6.

2754-4. Bergstaður (Eiríkshús) var byggt árið 1898, járnklætt timburhús, portbyggt með kjallara. Tengt Jörva með skúrbyggingur. Húsið var rifið eftir 1960.¹¹ Sjá má staðsetningu Bergsstaðs á mynd 7.

¹⁰ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 304-305, 314.

¹¹ Magnús H. Helgason, 1999. *Saga Borgarfjarðar eystra*, bls. 304-305, 311.



Mynd 8. Hér má sjá fjárhús sem stóðu vestan við byggðina í Bakkagerði árið 1965, m.a. fjárhús Björgvins Vilhjálmssonar (utan deilisk.sv), fjárhús Bjarna Steins og útihús Óla Jóh.(innan deilisk.sv) Horft til V. Mynd í eigu Sverris Aðalsteinsonar.

2754-6. Fjárhús Óla Jóh. Ekkert sést á vettvangi og ekki er vitað hvaða ár fjárhúsin voru reist, því eru þau flokkuð sem fornminjar þó að hugsanlegt sé að þau hafi verið reist um 1940 eins og 2754-1 og 2754-2. Sjá má staðsetningu fjárhúsanna á myndum 8 og 9.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættu mat	Hætta	Ástand	Aldur	Friðlýst	Mótvægisaðgerðir	ÍSNET hnit
2754-1	Útihús og hlaða Bjarna Steins.	1	Ekki fornleifar	Ekki fornleifar	Greinanleg	Fyrir 1940	Nei	Mælt upp og hnittsett	739649,6 568357,0
2754-2	Útihús Bjarna Steins.	1	Ekki fornleifar	Ekki fornleifar	Greinanleg	Fyrir 1940	Nei	Hnittsett	739683,2 568296,6
2754-3	Þóreyjarkofi-Púfa.	1	Framkv.	Í hættu	Ekki greinanleg	1902-1910.	Nei	Hnittsett	739589,47 568471,35
2754-4	Bergsstaðir	1	Framkv.	Í hættu	Ekki greinanleg	1898	Nei	Hnittsett	739623,20 568458,14
2754-5	Fjárhús Óla Jó	1	Framkv.	Í hættu	Ekki greinanleg	Um 1900?	Nei	Hnittsett	739676,7 568369,1

Tafla 1

Niðurstaða

Í töflu 1 má sjá ÍSNET hnítastaðsetningu fornminja og tillögur um verndun þeirra og á mynd 9 má sjá minjarnar sem voru skoðaðar á deiliskipulagssvæðinu. Engar friðlýstar minjar fundust á svæðinu. Heimildir fundust um fimm horfnar byggingar innan deiliskipulagssvæðisins sem skoðað var hvort væru fornminjar eða ekki. Þrjár af byggingunum teljast fornminjar skv. skilningi laga nr. 80/2012: nr. 2754-3 (Þóreyjarkofi, nú horfinn) og nr. 2754-4 (Bergsstaður/Eiríkshús, nú horfið) teljast fornminjar. Ekki er vitað hvenær nr. 2754-5, hús Óla Jóh, var reist og er það hús því flokkað með fornminjum.



Mynd 9. Yfirlitsmynd yfir minjar sem skoðaðar voru á svæðinu.

Úтиhús Bjarna Steins nr. 2754-1 (rústir standa enn) og nr. 2754-2 teljast ekki minjar skv. skilningi laga nr. 80/2012 þar sem talið er að þær byggingar hafi verið reistar rétt fyrir 1940. Minjarnar voru mældar upp eða hnítsettar og ljósmyndaðar sem teljast fullnægjandi mótvægisáðgerðir á þessu stigi málsins til að hægt verði að gæta að varðveislu minjanna við áframhaldandi vinnu við deiliskipulag. Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er því sú að nægjanleg varðveisla teljist vera að skrá heimildir um húsin á deiliskipulagssvæðunum sem um getur hér að framan. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands með hvaða hætti varðveislu eða frekari rannsóknum skuli vera háttað.

Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Águst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.* Fornleifafnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlabingi, II. bindi,* Búnaðarsamband Austurlands.

Íslendinga sögur á snerpa.is.

Kristborg Þórsdóttir. (2018). „Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri: Deiliskráning á Hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara.“ Fornleifastofnun Íslands. FS709-18211.

Landmælingar Íslands, loftmyndasafn á netinu. LI2-1857. Svæði 113, Bakkagerði. Tökudagur 01.08.1955. Flughæð 1400 metrar. Brennivídd linsu: 115,02. Stærð filmu 18x18). Sótt 27.05.2020 á www.lmi.is/kort.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Magnús H. Helgason (ritstj.). (1999). *Saga Borgarfjarðar eystra.* Söguhópurinn Borgarfjörður eystra.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Borgarfirði eystri. Svæðisskráning.* Fornleifastofnun Íslands ses. Skýrsla F S074-98083.

Sigurður Gunnarsson. (1886). „Örnefni frá Jökulsá í Axarfirði austan að Skeiðará.“ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennata að fornu og nýju II.* Kaupmannahöfn, bls. 429-497.

Túnakort Bakka og Bakkagerðis, Borgarfirði, Norður-Múlasýslu. (1917). Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Sigmar B. Guttormsson. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrár Bakka og Bakkagerðis, Borgarfirði, Norður-Múlasýslu. (1917). dfdsdf